





HOLTAVÖRÐUHEIÐARLÍNA 3

Athugun á efnistökusvæðum

03.04.2024



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

102651-71-SKY-001-V03

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/ 42

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Anna Sigga Lúðvíksdóttir

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Egill Þorsteins

LYKILORD

Holtavörðuheidiarlína 3, efnistökusvæði, Holtavörðuheidi, Arnarvatnsheiði, Húnavatnssýslur, jarðfræði

STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Drög
☐ Drög til yfirlstrar
☒ Lokið

DREIFING

- ☐ Opin
☒ Dreifing með leyfi verkkaupa
☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Holtavörðuheidiarlína 3 – Athugun á efnistökusvæðum

VERKHEITI

Holtavörðuheidiarlína 3 - verkhönnun

VERKKAUPI

Landsnet

HÖFUNDUR

Unnur Þorsteinsdóttir
Einar Sindri Ólafsson

ÚTDRÁTTUR

Holtavörðuheidiarlína 3 er ný 220 kV háspennulína á milli tengivirkis á Holtavörðuheidi að Blöndustöð. Í skoðun eru sex valkostir línuleiða. Í grófum dráttum flokkast þeir í heiðarleiðir (A1, A2, B1, B2) og byggðarleiðir (D1, D1-hlykk, D2 og D3). Efnisþörf fyrir hvern km er alla jafna meiri fyrir heiðarleiðir, sem liggja um fjöll og mýrlendi. Aftur á móti er dreifing skilgreindra efnistökusvæða þar talsvert minni og því var talin þörf á að fara á vettvang og leggja til ný efnistökusvæði. Einnig var farið í flest skilgreind efnistökusvæði til að kanna gæði efnis og umfang efnistökusvæðis.

Í þessari skýrslu eru lögð til 61 efnistökusvæði vegna framkvæmdarinnar á Holtavörðuheidiarlínu 3. 32 þeirra liggja við byggðarleiðir og 33 liggja við heiðarleiðir. Fjögur af þessum efnistökusvæðum nýtast bæði fyrir heiðar- og byggðarleiðir. Alls eru 23 efnistökusvæði á aðalskipulagi og mesta fjarlægð frá línuleið í beinni loftlínu eru 14,7 km.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Unnur Þorsteinsdóttir Einar Sindri Ólafsson	16.10.23	Jónas Þór Ingólfsson	17.10.23	Jón Haukur Steingrímsson	18.10.23
02	Unnur Þorsteinsdóttir Einar Sindri Ólafsson	16.02.24	Einar Sindri Ólafsson	19.02.24	Jón Haukur Steingrímsson	19.02.24
03	Unnur Þorsteinsdóttir Einar Sindri Ólafsson	03.04.24	Einar Sindri Ólafsson	03.04.24	Jón Haukur Steingrímsson	03.04.24



EFLA VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000

 efla@efla.is

 www.efla.is

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	6
1.1	Almennt	6
1.2	Verndarsvæði	8
1.3	Efnispörf vegna framkvæmdarinnar	8
1.4	Jarðfræði svæðisins	9
1.5	Framkvæmd	10
2	EFNISTÖKUSVÆÐI	11
2.1	Efnistökusvæði á byggðarleiðum	12
2.2	Efnistökusvæði á heiðarleiðum	14
3	SAMANTEKT	18
4	HEIMILDIR	19
5	VIÐAUKAR	20


1 INNGANGUR

1.1 Almenn

Holtavörðuheðarlína 3 er ný 220 kV háspennulína á milli tengivirkis á Holtavörðuheði að Blöndustöð. Í tengslum við uppbyggingu þessarar línu hefur Landsnet óskað eftir því að EFLA framkvæmi frumskoðun á efnistökusvæðum umhverfis línuleiðir.

Í skoðun eru átta valkostir línuleiða eins og sjá má á mynd 1. Heðarleirnar (valkostir A1, A2, B1 og B2 liggja frá Holtavörðuheði og til austurs um norðurhluta Tvídægru og Arnarvatnsheðar, og allt austur að Blöndustöð. Byggðarleir (valkostir D1, D2, D3 og D-hlykk) liggja í meginráttum meðfram núverandi línuleið (Laxárvatnslínu 1); frá Holtavörðuheði og út Hrútafjörð, yfir í Miðfjörð, um Vesturhóp, fram Langadal og Blöndudal og að Blöndustöð. Valkostir D2 og D3 eru ívið styttri en valkostur D2 þverar Hrútafjarðarháls austur af Hrútafirði og valkostur D3 þverar Orrastaðaflóa í Austur-Húnavatnssýslu.

Skýrslan og númer efnistökusvæða voru uppfærð í febrúar 2024.



MYND 1 Þeir valkostir sem eru til skoðunar fyrir Holtavörðuhéiðarlínu 3.

Valkostirnir liggja um sveitarfélögin Húnaþing vestra og svo Húnaþing norðvestra sem varð til árið 2022 við sameiningu Húnaþingshrepps og Blönduósbæjar. Aðalskipulög sem eru í gildi eru Aðalskipulag Húnaþingshrepps 2010-2022 [1], Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030 [2] og Aðalskipulag Húnaþingshrepps 2014-2026 [3].

Í minnisblaði sem gefið var út af EFLU í maí 2023 [4] er fjallað um 55 efnistökusvæði sem talin eru álitleg vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Það mat er byggt á loftmyndaathugun, upplýsingum úr námuskra Vegagerðarinnar og minnisblöðum sem gefin voru út vegna uppbyggingu á Holtavörðuhéiðarlínu 1 og Blöndulínu 3.

Af þeim 55 efnistökusvæðum sem fjallað er um í minnisblaðinu eru 43 þeirra í námunda við byggðarleiðir. Þar er aðgengi að efni mun betra heldur en fyrir heiðarleiðirnar sem liggja yfir mýrar og fjalllendi. Vegna fjarlægðar efnistökusvæða við línuvalkosti heiðarleiða og í ljósi mikillar efnisparfar var afraðið að fara á vettvang til að kanna ný efnistökusvæði. Jafnframt voru efnistökusvæðin sem fjallað var um í áður nefndu minnisblaði skoðuð til að meta útbreiðslu og gæði efnisins. Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum þessara vettvangsferða.

1.2 Verndarsvæði

Á því svæði sem línuvalkostir liggja um eru skilgreind skilgreind á aðalskipulagi sem njóta sérstakrar verndar. Þar má nefna vatnsverndarsvæði og hverfisverndarsvæði.

Í Aðalskipulagi Húnaþings vestra segir um vatnsverndarsvæði:

„Svæði sem njóta verndar í samræmi við vatnaáætlun eða ákvæði reglugerða er varða vatnsvernd og mengun vatns“. Vatnsverndarsvæði flokkast í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði.

Í aðalskipulaginu segir jafnframt um hverfisverndarsvæði:

„svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegsgildis, án þess að um friðun sé að ræða“.

Tafla 1 er fengin úr Aðalskipulagi Húnaþings vestra þar sem svæði eru skilgreind sem hverfisvernduð svæði vegna náttúruminja.

TAFLA 1 Svæði sem eru skilgreind sem hverfisvernduð skv. aðalskipulagi Húnaþings vestra.

NR.	HEITI	LÝSING
HV-1	Hálendið ofan heimalanda og afréttagirðingu	Hverfisverndarsvæði á hálendinu. Náttúruverndarsvæðin ná yfir mikilvægustu og merkustu náttúruminjar hálendisins. Innan þessa svæðis er Arnarvatnsheiði, sem er ásamt Tvídægru á náttúruminjaskrá og er það svæði afmarkað sérstaklega. Almenn verndarsvæðin fela í sér alhliða verndargildi sem tekur til náttúruminja, þjóðminja og mikilvægustu lindasvæða. Ennfremur svæði með mikið útivistargildi, þ.á m. jaðarsvæði að byggð. Gerð verði verndaráætlun fyrir svæðið. Stærð svæðis er um 83900 ha.
HV-2	Svæði neðan hálendismarka	Svæðið tekur til húnvetnsku heiðanna ofan byggðar frá Hrútafjarðarhálsi að Tungum. Svæðið er mjög vel gróið með samfelldu votlendi og er mikilvægt aðrennslissvæði fyrir laxveiðiárnar í Húnaþingi vestra. Svæðið er því eitt af mikilvægustu náttúruauðlindum sveitarfélagsins og er hverfisverndin sett til að standa vörð um hana. Stærð svæðis er um 39400 ha.
HV-3	Hvítserkur	Hvítserkur er hverfisverndaður þar til hann verður friðlýstur.

1.3 Efnispörf vegna framkvæmdarinnar

Af valkostunum átta er valkostur B1 á byggðarleið stystur, rúmir 80 km en lengsti valkosturinn er valkostur D1-hlykk, 114 km. Nokkrir þættir hafa áhrif á endanlegt efnismagn og er hægt að hafa áhrif á nokkra þeirra en aðrir stýrast af illviðráðanlegum ytri þáttum. Efnistökusvæði mega ekki vera of langt frá framkvæmdasvæðinu þar sem það myndi hleypa kostnaði verulega upp. Stundum er miðað við að ekki þurfi að keyra efni meira en 10-15 km frá námu að verkstað. Raki og fínefnainnihald í fyllingarefni skiptir einnig máli og því geta sumar efnisgerðir hentað illa ef vætutíð er mikil á framkvæmdatímanum. Sama fyllingarefni getur virkað ágætlega í þurrviðratíð. Þetta á sérstaklega við um jökulruðning.

Í töflu 2 má sjá yfirlit um heildarvegalengd og efnispörf mismunandi valkosta HH3. Efnispörf á hvern km er alla jafna minni á byggðarleiðum, sem liggja um láglendi og nálægt vegakerfi. Fyrir heiðarleiðir, sem liggja yfir fjöll og mýrlendi er efnispörf talsvert meiri fyrir hvern km.

TAFLA 2 Heildarlengd og efnispörf mismunandi valkosta línuleiða HH3.


VALKOSTIR	A1	A2	B1	B2	D1	D1-HLYKK	D2	D3
Lengd loftlínu (km)	82,4	85,3	80,7	82,1	113,8	114,0	111,1	106,9
Heildar efnispörf (m ³)	564.000	551.000	548.000	553.000	533.000	531.000	541.000	484.000

1.4 Jarðfræði svæðisins

Berggrunnur sem línuvalkostirnir liggja yfir myndaðist að mestu leyti á seinni hluta Tertiértímans og á fyrri hluta ísaldar, fyrir 3,3 - 8,5 milljónum ára. Á ísöld mynduðust bæði grágrýtislög og móbergsmýndanir. Á milli hraunlaganna eru víða rauð millilög sem eru leifar jarðvegs og benda til þess að langur tími hafi liðið milli gosa áður en næsta hraun rann yfir. Nokkrar útkulnaðar megineldstöðvar og súrar mýndanir eru að finna á við línuvalkostina s.s. í Hrútafirði, inn af Miðfirði og í Vatnsdalsfjalli [5]. Jarðfræðikort auk línuvalkosta má sjá á mynd 2.

Þykkar setmyndanir er víða að finna yfir hraunlögunum og hafa þau orðið til vegna jökla, fallvatna og skriðufalla. Einnig eru fínefnarík sjávarsetlög frá nútíma að finna, m.a í botni Miðfjarðar og Húnaflóa. Í seinni tíð hafa roföflin tekið við af setuppbyggingu og sjór og fallvötn hafa mótað landið. Framburður áa hefur haft mikið að segja við setmyndun í dalbotnum, m.a í Vatnsdal og Víðidal. Uppi á heiðunum er jökulrænt landslag, þar sem fínefnaríkt jökulset er að finna yfir berggrunninum. Yfir þessum setmyndunum er allþykkur lífrænn jarðvegur, sér í lagi vestan til á heiðunum. Á þessum slóðum er einnig mikið um vötn og tjarnir.

Helstu fallvötn sem heiðarleiðirnar þvera eru Síká, Vesturá, Austurá, Fitjá, Víðidalsá og Vatnsdalsá. Þessar ár sameinast og verða að stærri ám sem þvera byggðarleiðirnar. Það eru Miðfjarðará, Víðidalsá, Gljúfurá og Vatnsdalsá.



MYND 2 Jarðfræðikort af svæðinu. Tertíerlögin eru sýnd með bláum litum. Gulu litirnir sýna súrt gos- og innkotaberg, appelsínugulir litir sýna ísúrar bergmyndanir og grænt táknar gosberg frá fyrri hluta Ísaldar. Línuvalkostirnir eru sýndir á kortinu. Valkostir A1 og A2 eru sýndir sem rauðar línur, valkostir B1 og B2 eru sýndir sem gular línur og valkostir D1 og D2 eru sýndir sem bláar línur [5].

1.5 Framkvæmd


Eftir athugun á loftmyndum var farið á vettvang til að kanna betur efnistökusvæði. Allflest efnistökusvæði voru könnuð í vettvangsferð.

Á byggðarleiðum voru efnistökusvæði skoðuð yfir fjögurra daga tímabil í júlí og ágúst 2023. Á tímabilinu 13. júlí – 17. september var farið á vettvang til að kanna efnismál á heiðarleiðum. Efnistökusvæðin voru skoðuð og umfang þeirra metið. Efnisgæði og mögulegt efnismagn var metið. Hvorki voru teknar könnunargryfjur né gerðar rannsóknir á efni frá efnistökusvæðum.

2 EFNISTÖKUSVÆÐI

Af þeim 61 efnistökusvæðum sem eru lögð til eru fjögur efnistökusvæði sem nýtast báðum leiðum. Þau eru á Holtavörðuheidi og við Blöndu og nýtast þar sem línuvalkostir sameinast, að austan- og vestanverðu. Mynd 3 sýnir útbreiðslu efnistökusvæða sem lögð eru til. Í viðauka má sjá kort og töflur yfir þau og upplýsingar sem þeim fylgja, svo sem gerð efnis, flatarmál, skipulagsmál og fjarlægð frá línu.

Fjarlægð frá línu mælist sem bein loftlína frá efnistökusvæði að línu, yfirleitt þarf að aka efninu um lengri veg. Upplýsingar um gerð efnis, stöðu námu og frágang eru fengnar úr námuskrá Vegagerðarinnar. Þær eru frá árinu 2022 og skulu teknar með fyrirvara um breytingar á þeim tíma sem hefur liðið síðan þá. Bent skal á að námuskrá Vegagerðarinnar hefur ekki neitt skipulagslegt gildi annað en að sýna fordæmi fyrir efnistöku.



MYND 3 Yfirlit um efnistökusvæði sem eru lögð til vegna framkvæmdarinnar. Upplýsingar um svæðin má sjá í viðauka.

2.1 Efnistökusvæði á byggðarleiðum

Eftir vettvangsskoðun voru 32 efnistökusvæði á byggðarleið sem þóttu álitleg, með tilliti til efnisgæða, fjarlægð frá línuleið, efnismagns og skipulagsmála. Þar af eru 3 í klöpp, að hluta til eða að öllu leyti, og 29 setnámur. 20 efnistökusvæði eru á aðalskipulagi og fjarlægð frá línuleið í beinni loftlínu á bilinu 0 - 4,5 km. Eitt af þessum efnistökusvæðum hafði ekki verið fjallað um áður, en það kom til vegna tillögu frá landeigendum á Kagaðarhóli við Svínvetningabraut.

Efnistökusvæðin eru nokkuð jafnt dreifð meðfram byggðarleiðum. Í Vestur-Húnavatnssýslum er mikið um þykkar hjallamyndanir og virðist vera um ágætis efni að ræða. Þegar austar dregur er minna um þykkar setmyndanir

Í Langadal er efni helst að fá úr árbökkum Blöndu og í flestum tilfellum er vinnslulag það þykkt eða fjarlægð svo mikil frá ánni að efnistaka er ekki nálægt ánni sjálfri. Þau efnistökusvæði sem lögð eru til í þessari skýrslu og eru innan við 200 m frá árbakka eru sýnd í töflu 3.

TAFLA 3 Efnistökusvæði á byggðarleidd sem staðsett eru innan við 200 m frá á.

Nr.	Nafn	Leið	Staða námu/ frágangur	Aðalskipulag	Lýsing
HN-09	Náma sunnan Urriðaár	D1	Í notkun, ófrágengin	Aðalskipulag Húnaþings Vestra	Svæðið er staðsett á um 10 m háum árbökkum Miðfjarðará – um 100 m austan ár og er efnistaka því ekki upp úr ánni sjálfri.
HN-16	Gljúfurá í Húnaþingi	D1	Efnistöku lokið, frágengin með haugum	Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022	Umfangsmikil náma á bökkum ofan Gljúfurár, staðsett um 120 m austan ár.
HN-31	Finnstungunáma	D1/D3	Í notkun - ófrágengin	Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022	Efnistökusvæðið er staðsett á víðfeðmum og flötum áreyrum Blöndu. Farvegur Blöndu er nokkuð afmarkaður í um 150 m fjarlægð frá núverandi efnistökusvæði.
HN-32	Bugur neðan Blöndu	D1	Nýtt efnistökusvæði	-	Efnið er gamall tippur frá Blönduvirkjun sem stendur um 10 m upp fyrir Blöndu. Efnistaka er í tippefni og mun ekki ná farvegi Blöndu.

Af þeim efnistökusvæðum sem birt eru í töflunni er það helst við Finnstungunámu sem þarf að gæta þess að halda fjarlægð frá ánni og mikilvægt að efnistaka fari ekki of nærri ánni né of langt niður fyrir vatnsborð (mynd 4). Þá má geta þess að efnistökusvæðið er á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps. Í viðauka má sjá upplýsingar um efnistökusvæði á byggðarleiddum og þar má einnig sjá kort sem sýnir staðsetningu og útmörk hvers efnistökusvæðis.



MYND 4 Efnistökusvæði við HN-31, Finnstungunámu.

2.2 Efnistökusvæði á heiðarleiðum

33 efnistökusvæði eru lögð til vegna framkvæmda á heiðarleiðum. Þar af eru 5 efnistökusvæði sem þegar eru til á námuskrá Vegagerðarinnar, 27 svæði lögð til sem ný efnistökusvæði og eitt sem er áður þekkt en ekki á námuskrá Vegagerðarinnar; HN-32 sem er gamall tippur frá Blönduvirkjun. Þessi svæði liggja á Holtavörðuheidi, upp af Miðfirði, Vatnsdal og Blöndudal og fjarlægð þeirra að heiðarleiðum upp undir 15 km. Af þeim 5 efnistökusvæðum sem þegar eru á námuskrá eru 3 á aðalskipulagi. Betur er greint frá þeim í töflu 2 í viðauka.

Tafla 3 í viðauka sýnir tillögu að nýjum efnistökusvæðum á heiðarleiðunum. Af þeim eru 9 líklegar klapparnámur, þar sem þó þyrfti að gera meiri rannsóknir til að staðfesta gæði klappar. Að öðru leyti er um setnámur að ræða og er setið ýmist fínefnaríkt jökulberg eða sendið árset sem finna má við ár

og kvíslar. Í fæstum tilfellum virðist vinnslulag vera mjög þykkt en í einhverjum tilfellum var um að ræða allt að 20 m þykka setbunka.


Á vestanverðri heiðinni er gott efni helst að finna við áreyrar. Þar er í öllum tilfellum um að ræða nokkuð þunnt vinnslulag og mikla nálægð við ár. Vegna takmarkaðra efnisgæða í nágrenni þessara efnistökusvæða eru þessi svæði lögð til en mikilvægt er að draga úr áhrifum vinnslu eins og hægt er. Mikilvægt er að vinna ekki umfram vinnslulag en það getur haft áhrif á rennsli, lífríki og ásýnd árinna. Þau efnistökusvæði sem eru staðsett meira en 200 m frá á eru birt í töflu 4 og þau má sjá á myndum 5-7.

TAFLA 4 Efnistökusvæði á heiðarleiðum sem staðsett eru innan við 200 m frá á.

Nr.	Nafn	Leið	Lýsing	Fjarlægð frá línuleið (km)	Fjarlægð í næsta efnistökusvæði (km)
HN-55	Áreyrar Víðidalsár	B	Nokkuð víðfeðmar áreyrar Víðidalsár en vinnslulag þunnt (~ 1m) án þess að skilja eftir tjarnir eða hafa áhrif á rennsli árinna.	3,5	2,0 (í HN-54 Áreyrar Víðidalsár)
HN-57	Áreyrar Tjarnhólskvíslar og Fitjár	B	Stórgrýttar og víðfeðmar áreyrar. Vinnslulag þunnt en hægt að sækja efni fjarri ánni sjálfri.	2,2	5,9 (í HN-53 Haugar)
HN-59	Áreyrar Austurár	A/B	Þunnt vinnslulag.	0,7	1,6 (í HN-59 Aðalbreið)
HN-61	Fosselseyrar og áreyrar Síkár ofan við Fossel	B	Efnistökusvæði staðsett vestan Síkár. Þunnt vinnslulag (~1 m) upp við á en hægt að sækja efni allt að 100 m frá á þar sem vinnslulagið er allt að 3 m.	0,5	6,5 (í HN-02 Miklagilskvísl)
HN-62	Vesturárdalseyrar við Beitarhúsmel	B	Efnistökusvæði staðsett á austurbakka Vesturár. Það nær allt að 60 m frá ánni og vinnslulag allt að 1,5 m.	1,0	10,1 (í HN-02 Miklagilskvísl)



MYND 5 Áreyrar Víðidalsár.



MYND 6 Áreyrar Tjarnarhólskvíslar og Fitjár.



MYND 7 Áreyrar Austurár.

3 SAMANTEKT

Alls eru 61 efnistökusvæði sem koma til greina vegna framkvæmdar á Holtavörðuheidalínu 3.

- 32 þeirra liggja við byggðarleiðir
- 33 þeirra liggja við heiðarleiðir (4 sameiginlegar með byggðarleiðum)
 - 5 eru skráð á námuskrá Vegagerðarinnar
 - 27 ný svæði eru lögð til
 - 1 svæði er þekkt sem gamall tippur frá Blönduvirkjun en er ekki á námuskrá Vegagerðarinnar.

Í Vestur-Húnavatnssýslum er mikið um þykkar setmyndanir meðfram byggðarleiðum og þéttleiki náma nokkuð mikill. Þar virðast efnistökusvæði álitleg, bæði með tilliti til efnisgæða og efnismagns. Austan til er minna um þykkar setmyndanir og eru skilgreind námusvæði ýmist í jökulruðningi, á áreyrum Blöndu eða skriðuefni í hlíðum Langadals.

Efnið í þeim 27 nýju efnistökusvæðum sem eru lögð til á heiðarleiðum er í flestum tilfellum fínefnaríkt jökulset, en einnig sendið árset og klöpp.

Á byggðaleið eru fjögur efnistökusvæði í innan við 200 m fjarlægð frá ám. Í flestum tilfellum eru þau staðsett í þykkum setbunkum og því ætti efnistaka að geta farið fram án þess að vera nærri vatnsborði.

Á byggðaleið eru fimm efnistökusvæði í innan við 200 m fjarlægð frá ám. Þar er í flestum tilfellum um að ræða stórar áreyrar en þunnt vinnsulag. Í þeim tilfellum þarf að hafa sérstaka aðgát við efnistöku og skoða aðstæður á hverjum stað fyrir sig. Þessi svæði eru lögð til vegna takmarkaðra efnisgæða í næsta nágrenni.

Niðurstöður þessar byggja einungis á lauslegri skoðun á efnistökusvæðum. Ekki voru gerðar ítarlegar rannsóknir á þeim. Mikil óvissa er því með efnisgæði og efnismagn á mörgum þessara efnistökusvæða. Til að staðfesta efnismagn og efnisgæði er lagt til að gerðar verði ítarlegar rannsóknir á efnistökusvæðunum. Einnig gætu útmörk þeirra breyst þegar frekari rannsóknir verða gerðar.

4 HEIMILDIR

- [1] Landmótun, „Húnavatnshreppur. Aðalskipulag 2010-2022. Greinargerð,“ Húnavatnshreppur, 2010.
- [2] Landmótun, „Blönduósbær. Aðalskipulag 2010-2022. Greinargerð,“ Blönduósbær, 2010.
- [3] Landmótun, „Húnaþing vestra. Aðalskipulag 2014-2026. Greinargerð,“ Húnaþing Vestra, 2014.
- [4] EFLA, „102651-71-MIN-001-V01-Holtavörðuheiðarlína 3 - efnistökusvæði,“ EFLA, Reykjavík, 2023.
- [5] Árni Hjartarson og Kristján Sæmundsson, „Berggrunnskort af Íslandi, 1:600 000,“ ÍSOR, Reykjavík, 2014.

5 VIÐAUKAR

TAFLA A.1 Upplýsingar um efnistökusvæði á byggðarleið.

*Upplýsingar úr námuskrá Vegagerðarinnar og skulu teknar með fyrirvara um breytingar.

Nr.	Heiti	Náma nr.	Leið	Austur	Norður	Efnisgerð	Staða námu*	Frágangur *	Aðalskipulag	Efnis-rannsóknir VG	Lýsing	Fjarlægð frá línuleið (km)	Flatarmál (ha)
HN-01	Miklagilskvísl A	Ekki skráð	D1	400904	508837	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	Ófrágengin	-	-	Setbunki austan við þjóðveg 1 við þverun Miklagilskvíslar. Jökulruðningur á bakka ofan gilsins, neðar sést í klöpp. Óvissa með efnismagn.	0,7	0,8
HN-02	Miklagilskvísl B	Ekki skráð	D1	401579	509817	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	Ófrágengin	-	-	Setbunki austan við þjóðveg 1 við þverun Miklagilskvíslar. Jökulruðningur á bakka ofan gilsins, neðar sést í klöpp. Óvissa með efnismagn.	0,1	0,8
HN-03	Melar	17638	D1	401927	515844	Malarhjalli	Efnistöku lokið	Fullfrágengin	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E7)	X	Setnáma í miklum malarhjöllum. Mikið af efni til á þessum stað. Ekki náðist að skoða efnistökusvæði. Miklir möguleikar á efnistöku.	0,6	3,0
HN-04	Bálkastaðir	15922	D1/D2	403213	515980	Forn óseyri	Í notkun	Ófrágengin	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E8)	X	Náma utan við veg. Búið að skafa jarðveg ofan af mól. Núin mól (0-300 mm). Nóg efni, hægt að stækka til V og N.	0,5	1,0
HN-05	Reykir Hrutafirði	15923	D1	402573	528516	Malarhjalli	Landeigandi andvígur	Hálffrágengin	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E-10)	X	Um 6-7 m þykkt stál. Lagskipt ármöl og sandur, misgrófur (0-60 mm). Smá vatnsrennsli í botni námu. Nokkuð efni til N, S og A. Ekki mikill jarðvegur.	0,8	1,3
HN-06	Reykir	19439	D1	412699	536447	Malarhjalli	Í notkun	Ófrágengin	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E-24)	-	Náma í hjalla neðan við veg. Um 4-5 m djúp og ógróin hola, en vel gróin í kring. Lagskipting í fínefnaríkri mól, mögulega finn sandur/silt. Hægt að stækka vel til S og A.	0,5	5,0
HN-07	Bjarg sunnan við Urriðaaá	22715	D1	414916	533307	Set/klöpp	Í notkun	Frágengin með haugum	Aðalskipulag Húnaþings Vestra (E-22)	X	Smá haugur af grjóti í námu. Hugsað sem grjótnáma ef þarf. Hægt að stækka eitthvað til austurs. Basalt/ísúrt þétt berg með holufyllingum.	3,0	3,0
HN-08	Urriðaaárnáma	17960	D1	414631	533392	Malarhjalli	Í notkun	Hálffrágengin	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E-23)	X	Minniháttar efnisvinnsla. Brúnamád, núið og kantað efni 0-150 mm. Hægt að stækka til V og NV. Klöpp í gili 5-10 m norðan námu. Grynnkar á klöpp til austurs.	3,0	1,9
HN-09	Náma sunnan Urriðarár	19437	D1	414297	532738	Malarhjalli	Í notkun	Ófrágengin	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E-21)	-	Efnistaka á brún malarhjalla. Vinnslustál 7-8 m. Minniháttar efnisvinnsla í námu. Núin sendin mól 0-200 m. Hægt að stækka til NV	3,3	1,3
HN-10	Hörgshóll II	21092	D1	421093	546411	Botn- eða leysingarruðningur	Í notkun	Frágengin með haugum	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E-38)	-	Setnáma við veg. Nánast ógróin, þunnt lífrænt lag yfir sendinni og fínefnaríkri mól.	3,0	1,3
HN-11	Móamelar I	17982	D	421277	548160	Malarhjalli	Í notkun	Hálffrágengin	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E-37)	X	Náma í kanti við veg. Hálfróin og jarðvegur ofaná (~1m). Sendin mól (0-200 mm). Lagskipt ósamyndun. Einhver efnistaka í námu. Hægt að stækka til S. 2-4 m vinnsluþykkt. Fín náma.	4,0	4,1
HN-12	Tagl við Bjarghús	22572	D1	422710	549769	Storkubergsnáma	Í notkun	Ófrágengin	Aðalskipulag Húnaþings Vestra (E-43)	X	Bergnáma í skeringu við veg. Smástuðlað berg. Efnisvinnsla í gangi og malaðir haugar í námu. Mjög mikill groti sem kemur, ekki rofvarnargrjót. Varanáma.	4,2	1,5
HN-13	Víðidalstungumelar	17992	D1	424027	541513	Forn óseyri	Í notkun	Hálffrágengin	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E-41)	-	Viðfeðm náma á flötum áreyrum Víðidalsár. Vel gróin utan námunnar. Núin mól og sandur, mögulega fínefnarík. Hnullungar allt að 1-2 m í þvermál. Tveir vinnslufrontar 0,5-1,0 m jarðvegur ofan á mól. Haugur af unnu efni í námu. Hægt að stækka til V.	2,5	5,9
HN-14	Lækjamót	15940	D1	425706	548214	Malarhjalli	Efnistöku lokið	Frágengin með vottun	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E-46)	X	Náma við veg í hjalla. Verið að kroppa í hana, annars frágengin. Mjög sendin mól, 0-200 mm. Hálfróin en lítill jarðvegur ofaná. Stálið er ca 5-6 m. Hægt að stækka til suðurs (en girðingar ofl. fyrir ofan). Talsvert efni.	0,8	1,4
HN-15	Kjalarnáma	15937	D1	432401	554142	Malarhjalli	Efnistöku lokið	Frágengin með vottun	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E-47)	X	Nokkuð stór náma við veg. Sendin mól. Hálfróin, hálffrágengin. Efnistaka hefur verið nyrst, en frágengin að sunnan. Hægt að stækka til SA. Annars bundin af vegi og loftlínu.	0,1	6,7
HN-16	Gljúfurá í Húnaþingi	19421	D1	433132	554761	Malarhjalli	Efnistöku lokið	Frágengin með haugum, vottun	Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022 (E-1)	-	Umfangsmikil náma ofan við Gljúfurá. Frágengin en hefur verið kroppað í námuna eftir það. Sendin mól. 0-300 mm, núin og brúnamád. Staksteinar allt að 500 mm.	0,3	4,0
HN-17	Uppsalanáma	15945	D1	434499	554087	Fast berg - Ólivínþóleit	Í notkun	Ófrágengin	Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022 (E-2)	X	Bergnáma við afleggjara. Hefur ekki verið í notkun í einhvern tíma. Fullt af drasli, hálfróin. Búið að sprengja mikið af grjóti 3-4 m stál. Þétt berg (basalt/ísúrt), nokkuð ummyndað.	1,7	6,7
HN-18	Brekkukot	15943	D1	438135	560186	Malarhjalli	Í notkun	ófrágengin	Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022 (E-8)	X	Gróin að hluta en líklega nýleg efnistaka, haugar og opin sár. Gróf mól, hnullungar allt að 700 mm. Hálfnúnir hnullungar, sendið efni. 3-4 m bakkar umhverfis námu á alla kanta, opið til V. Hægt að stækka til A og S, og líklega dýpka talsvert	2,7	3,6
HN-19	Litla-Giljá	15948	D1	437944	561617	Malarhjalli	Efnistöku lokið	Ófrágeng	-	X	4-5 m háir bakkar, ógrónir. Vélarusl í námu. Rúnnaðir steinar og sandur. Hægt að stækka til N og A, takmarkað til V.	1,5	2,5
HN-20	Reykir-Svínvetningaleið	19531	D1	443194	560481	Setnáma	Efnistöku lokið	Hálffrágengin	-	X	Vinnsla í gangi. Fínefnarík mól, linsur af silti og sandi. Ekkert grunnvatn sjáanlegt. Eflaust hægt að dýpka eitthvað og stækka til S og A.	3,0	7,3

TAFLA A.1

Upplýsingar um efnistökusvæði á byggðarleið (framhald).

*Upplýsingar úr námuskrá Vegagerðarinnar og skulu teknar með fyrirvara um breytingar.

Nr.	Heiti	Náma nr.	Leið	Austur	Norður	Efnisgerð	Staða námu*	Frágangur *	Aðalskipulag	Efnis-rannsóknir VG	Lýsing	Fjarlægð frá línuleið (km)	Flatarmál (ha)
HN-21	Kringlumelar	15952	D1/D3	438136	563701	Malarás	Efnistöku lokið	Frágengin með vottun	-	-	Ílangur malarás, stefnir N-S. Engin augljós efnistaka né aðkoma. Melur ógróinn/hálfgróinn. Þýfður gróður sitthvorumegin við - nokkuð þurrt. Sendin ármöl, hnullungar hálfnúnir-núnir, allt að 250 mm. Hæð hryggs er 4-5 m. Væri hægt að teygja ~50 m til suðurs og ~100 m til norðurs, 100 m til vesturs. Hryggur ca 10 m breiður. Ekkert grunnvatn sjáanlegt.	0,2	11,3
HN-22	Skinnaðaíir	15949	D1	439013	565819	Forn óseyri	Í notkun	Ófrágengin	Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022 (E-9)	X	Bílar í námu. Sendin ármöl m. núnum/hálfnúnum hnullungum allt að 150 mm. Náma ógróin-hálfgróin. Vatn í botni. Bakkar 8-10 m háir. Hægt að stækka til S en afmarkast að einhverju leyti af túnum.	0,5	7,2
HN-23	Kleifarhorn	18021	D1	441615	573211	Forn óseyri	Í notkun	Ófrágengin	Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030 (E-1)	X	Hálfgróin-ógróin náma. Sendin ármöl, linsur af sandi/silt inná milli. Núnir hnullugnar, flestir <150 mm. Vatn í botni námu sums staðar. Einnig rusl og rúllustæða. Bakkar allt að 10 m háir. Nóg efni til S og A.	3,9	7,5
HN-24	Breiðavaðsnáma	15957	D1	443321	574482	Malarhjalli	Í notkun	Ófrágengin	Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030 (E-2)	X	Umfangsmikil náma, árset, núnir hnullungar uppí 400 mm. Nánast ógróin. Rúllustæður, rusl og malarhaugar til staðar. Bakkar 2-4 m háir, nokkuð afmarkaður hjalli til S, A, V.	4,5	4,1
HN-25	Skeiðvallarnáma	18026	D1	443732	573731	Forn óseyri	Efnistöku lokið	Fullfrágengin	-	-	Nánast ógróin en óhreyfð í langan tíma. Núnir - kantaðir steinar <100 mm. Efni talsvert siltríkt. Bakkar 6-8 m háir í sárinu sjálfu. Hægt að vinna til S og V og þá eru bakkar allt að 30 m háir. Grunnvatn virðist seytla út á lagmótum.	3,6	3,3
HN-26	Strjúgsstaðanáma	19513	D1	452994	564797	Árset	Í notkun	Ófrágengin	-	-	Flati við veg. Þunnt vinnslulag, vatn og mikið fuglalíf.	2,0	0,5
HN-27	Auðólfstaðir 2	19460	D1	457452	562052	Botnruðningur	Efnistöku lokið	Hálfrágengin	-	-	Náma við afleggjara að Gautsdal. Sést í klöpp í gili vestan við. Skriðulegt umhverfi. Efni fínefnaríkt og illa sorterað. Steinar upp í 400 mm. Náma hálfgróin - gróinn botn. Stallar 2-3 m. Hægt að dýpka eitthvað. Hægt að vinna námu töluvert til austurs.	2,0	8,6
HN-28	Syðri-Langamýri	21777	D1/D3	459984	555175	Botnruðningur	Í notkun	Frágengin með haugum	-	X	Hálfgróin náma, í henni eru haugar. Vatn í botni. Efni fínefnaríkt, stærstu steinar 300-400 mm. Ekki mikið svigrúm til stækkunar. Helst til SA og A.	1,9	1,2
HN-29	Gilsá	19452	D1	462742	548435	Botnruðningur	Efnistöku lokið	Fullfrágengin	-	-	Malarhjalli við Gilsá. Fínefnaríkt efni.	1,7	0,2
HN-30	Kagaðarhóll	Ekki skráð	D	447699	565753	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Fínefnarík möl, köntuð korn á flöngum jökulruðningsás við Kagaðarhól. Ásinn er ~10 m hár og ~20 m breiður. Þakinn lúpínu. Tillaga frá landeiganda og ekki á námuskrá. Klöpp í SA enda áss.	1,0	6,9
HN-31	Finnstungunáma	18035	D1/D3	459499	557461	Árset	Í notkun	Ófrágengin	Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022 (E-16)	X	Ógróin/hálfgróin náma. Vinnsla í gangi. Haugar af unnu efni. Hálfnúnir/núnir hnullungar allt að 300 mm. Vinnslulag <2 m. Hægt að vinna efni úr eyrinni.	1,7	1,4
HN-32	Bugur neðan Blöndustöðvar	Ekki skráð	D1	463072	547766	Gamall tippur frá Blönduvirkjun	Nýtt efnistökusvæði	Hálfrágengin	-	-	Gamall tippur frá Blönduvirkjun í botni Blöndugljúfurs þar sem er að hluta til sprengt efni. Efni var haugsett hér á framkvæmdatíma Blönduvirkjunar. Yfirborðið hefur verið jafnað út og er nær ógróið. Efnistaka yrði nokkuð sýnileg frá Blöndudalsvegi. Flatarmál svæðisins er um 2,3 ha. og gert er ráð fyrir um 2,5 m meðalþykkt vinnslulags.	4,0	2,3

TAFLA A.2 Upplýsingar um áður skilgreind efnistökusvæði á heiðarleiðum.

*Upplýsingar úr námuskrá Vegagerðarinnar og skulu teknar með fyrirvara um breytingar.

Nr.	Heiti	Náma nr.	Leið	Austur	Norður	Efnisgerð	Staða námu*	Frágangur *	Aðalskipulag	Efnis-rannsóknir VG	Lýsing	Fjarlægð frá línuleið (km)	Flatarmál (ha)
HN-29	Gilsá	19452	A/B	462742	548435	Botnrruðningur	Efnistöku lokið	Fullfrágengin	-	-	Malarhjalli við Gilsá. Fínefnaríkt efni.	1,7	0,2
HN-32	Bugur neðan Blöndustöðvar	Ekki skráð	A/B	463072	547766	Gamall tippur frá Blönduvirkjun	-	Hálffrágengin	-	-	Gamall tippur frá Blönduvirkjun í botni Blöndugljúfurs þar sem er að hluta til sprengt efni. Efni var haugsett hér frá framkvæmdatíma Blönduvirkjunar. Yfirborðið hefur verið jafnað út og er nær ógróið. Efnistaka yrði nokkuð sýnileg frá Blöndudalsvegi. Flatarmál svæðisins er um 2,3 ha. og gert er ráð fyrir um 2,5 m meðalþykkt vinnslulags.	4,0	2,3
HN-33	Náma sunnan við veiðihús	19432	B	415348	525645	Malarhjalli	Efnistöku lokið	Frágengin með vottun	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E-4)		Frágengin náma í hjalla ofan við á. Sandur/möl. 1,5-2m þykkt. Hægt að dýpka/stækka lítillega til suðurs.	14,3	1,7
HN-34	Spenamelar	17955	B	416002	524501	Malarhjalli	Efnistöku lokið	Frágengin með vottun	Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2014-2026 (E-19)		Malaður haugur. Mögulega hægt að stækka til S og N. ~2 m bakki. Sendin möl, 0-200 mm.	13,2	2,7
HN-35	Haukagilsnáma	19530	B	444156	537634	Malarhjalli	Náma í notkun	Ófrágengin	Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022 (E-4)	X	Opin náma í malarhjalla. Notuð sem geymsla fyrir vinnvélar. Bakkar um 10 m háir en náma annars afmörkuð af túnum. Helst möguleiki á stækkun til S.	12,5	1,4
HN-37	Melagerðisnáma	18010	B	444993	539965	Malarhjalli	Náma í notkun	Ófrágengin	-	X	Náma í hjalla í Vatnsdal. Hálfnúin korn. Haugur af unnu efni. Heyrúllur og vélar í námu.	14,7	1,3

TAFLA A.3 Upplýsingar um ný efnistökusvæði á heiðarleiðum.


*Upplýsingar úr námuskrá Vegagerðarinnar og skulu teknar með fyrirvara um breytingar.

Nr.	Heiti	Náma nr.	Leið	Austur	Norður	Efnisgerð	Staða námu*	Frágangur *	Aðalskipulag	Efnis-rannsóknir VG	Lýsing	Fjarlægð frá línuleið (km)	Flatarmál (ha)
HN-36	Holtavörðuvatn	Ekki skráð	A/B	401632	502124	Klöpp	Nýtt efnistökusvæði		-		Klapparás eða jökulruðningsás norðan við Holtavörðuheiðarvatn, þar sem að gamla vegstæðið um heiðina liggur. Óvissa með efnismagn og efnisgæði.	0,2	3,0
HN-01	Miklagilskvísl A	Ekki skráð	A/B	400904	508837	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði		-	-	Setbunki austan við þjóðveg 1 við þverun Miklagilskvíslar. Jökulruðningur á bakka ofan gilsins, neðar sést í klöpp. Óvissa með efnismagn.	0,7	0,8
HN-02	Miklagilskvísl B	Ekki skráð	A/B	401579	509817	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði		-	-	Setbunki austan við þjóðveg 1 við þverun Miklagilskvíslar. Jökulruðningur á bakka ofan gilsins, neðar sést í klöpp. Óvissa með efnismagn.	0,1	0,8
HN-38	Heygarðsás	Ekki skráð	A/B	459955	545540	Klöpp/jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Lágur hóll við mýri. Klöpp eða jökulruðningur	0,5	1,9
HN-39	Skollhólsás	Ekki skráð	A/B	459618	540251	Klöpp/jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Stórgrýti á yfirborði. Klapparlegt. 5 m hár stallur, gróinn. Smá hali í norðurátt (flute)	2,3	4,9
HN-40	Helluvörðuháls	Ekki skráð	A/B	457730	537834	Klöpp/jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Jökulruðningur eða klöpp. Hóll fremst og hryggur norðuraf.	0,7	4,7
HN-41	Úlfkelshöfði	Ekki skráð	A/B	455036	536278	Klöpp/jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Gróinn hóll, 5-10 m hár. Stórir steinar í yfirborði	2,0	9,5
HN-42	Illiflói	Ekki skráð	B	451343	525537	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Sama efni, finefnaríkt. Talsverð útbreiðsla	0,4	2,5
HN-43	Svínavatn	Ekki skráð	A2	451077	524066	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Hólar af ágætu efni norðvestan við Svínavatn. Orðið grófara. Möl hálfnúin, staksteinar ~300 mm. Eitthvað búið að kroppa í beggja vegna vegar. Kantur sem hægt er að vinna lengra til N.	0,0	3,0
HN-44	Þórarinsvatn N	Ekki skráð	A2	450643	523893	Klöpp	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Brattur stallur vestan við veg. Mögulega klöpp. Norðan við Þórarinsvatn.	0,1	1,5
HN-45	Þórarinsvatn S	Ekki skráð	A2	452509	521981	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Ógróin náma við veg. Finefnaríkt + stórir staksteinar.	2,6	1,6
HN-46	Birnuhöfði	Ekki skráð	A1	453921	516727	Klöpp	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Klöpp við Birnuhöfða.	1,8	5,5
HN-47	Bríkarkvísl S	Ekki skráð	A1	452256	517937	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Jökulruðningur, rauðleitur.	0,3	3,5
HN-48	Bríkarkvísl N	Ekki skráð	A1	451514	518535	Klöpp	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Klöpp við Bríkarkvísl.	0,2	5,3
HN-49	Sandfellskvísl	Ekki skráð	A1	448863	518883	Klöpp	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Klöpp við Sandfellskvísl.	0,5	1,7

TAFLA A.3 Upplýsingar um ný efnistökusvæði á heiðarleiðum (framhald).

*Upplýsingar úr námuskrá Vegagerðarinnar og skulu teknar með fyrirvara um breytingar.

Nr.	Heiti	Náma nr.	Leið	Austur	Norður	Efnisgerð	Staða námu*	Frágangur *	Aðalskipulag	Efnis-rannsóknir VG	Lýsing	Fjarlægð frá línuleið (km)	Flatarmál (ha)
HN-50	Þrístikla	Ekki skráð	B	437558	521954	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Tveggja metra djúp gryfja. Mold yfir einsleitum jökulruðningi. Stórgrýti upp í 500 mm, brúnamáð. Mýrlent og vötn í kring. Ekki meira en 2 m vinnsulag	1,8	5,8
HN-51	Haugakvíslarskáli	Ekki skráð	A	438744	517095	Árset	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Við Haugakvíslaskála. Sendin mól, náma ógróin að hluta. Ágætt efni.	2,1	1,1
HN-52	Við Hesteyrar	Ekki skráð	B	434089	518953	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Um 20 m hár bakki vestan við á + áreyrar. Norðan ár er klöpp.	3,3	2,3
HN-53	Haugar	Ekki skráð	B	432452	520279	Jökulset	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	~5m hár og ~15 m breiður ás, 1,5 km að lengd, stefnir N-S. Mögulega esker. Efni virðist sendið, svolítið núíð en einnig kantað og brúnamáð.	2,0	12,7
HN-54	Áreyrar Víðidalsár	Ekki skráð	B	432456	518414	Árset	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Áreyrar Víðidalsár. Gróft árset.	2,7	0,4
HN-55	Mönguhóll	Ekki skráð	B	427294	517597	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Ílangir ásar ~ 4 m háir og ~10 m breiðir.	2,8	4,5
HN-56	Áreyrar Tjarnhólskvíslar og Fitjár	Ekki skráð	B	427058	517843	Árset	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Áreyrar Tjarnhólakvíslar og Fitjár. Nokkuð stórar, árset og stórgrýti.	0,5	2,2
HN-57	Fitjá	Ekki skráð	B	426426	520350	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Ílangur malarás. Búið að kroppa í við veg. Hægt að dýpka. Hæð um ~4 m, breidd ~10 m.	2,8	0,6
HN-58	Áreyrar Austurár	Ekki skráð	A/B	423347	512997	Árset	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Mögulega hægt að taka 1-1,5 m vinnsulag án þess að skilja eftir tjarnir. Vætanlega gott efni.	0,7	5,3
HN-59	Aðalbreið	Ekki skráð	A/B	424434	511360	Jökulruðningur	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Búið að kroppa í f. vegagerð. Malarhjalli, sundurskorinn af á. Virðist fínefnarík mól. Staksteinar allt að 1m. Tóftir norðan við svæði. Klöpp handan ár 15-20 m þykkt set ofaná. Tannaför í námu.	0,5	3,7
HN-60	Fossselfeyrar - áreyrar Síkár ofan við Fossfel	Ekki skráð	B	408141	508689	Árset	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Aðeins hærra yfir vatnsborði en við Björnsselseyri. Núin/brúnamáð mól. Stórgrýti 0-200 mm og staksteinar 500 mm. Alveg gróin/hálfgróin. Álitlegra en Björnsselseyri, en minna svæði.	0,5	1,7
HN-61	Vesturárdals-eyrar við Beitarhúsmel	Ekki skráð	B	411706	510610	Árset	Nýtt efnistökusvæði	-	-	-	Hálfgrónar áreyrar neðan við gilkaft. Ármöl, en stórgrýti inn á milli. 0,5-1,0 m í þvermál. Klöpp sjáanleg í árbotni. Mögulega ekki mikið efni.	1,0	1,3



Holtavörðuheidiarlína 3 (valkostur D)

Holtavörðuheidiarlína 3 (valkostur A/B)

Vegir og slóðir

Sveitarfélagsmörk

Hverfisverndarsvæði

Friðlýst svæði eða svæði á náttúrumínjaskrá

Vatnsverndarsvæði (Grannsvæði/Fjarsvæði)

Númer Heiti efnistökusvæðis

00.51.01.52.02.5

Kvarði

Loftmynd: Loftmyndir ehf

Hnitakerfi: ÍSNET93

EFLA

VERKFRÆÐISTOFA

DAGS.

NAFN

HANNAÐ

TEIKNAD

RYNI

SAMÞYKKT

09.09.2023

03.04.2024

03.04.2024

JHS

ESÓ

ESÓ

JPI

LANDSNET

Holtavörðuheidiarlína 3

Efnistökusvæði

Verk nr.

102651

Verkefni:

EP

Fag

JAR

Tekning nr.

CAD sísí

Kvarði (A3)


1:50000

Efni teikning nr.

V101

Utgáfa Síða

03 2/15



Holtavörðuhéiðarlína 3 (valkostur D)

Holtavörðuhéiðarlína 3 (valkostur A/B)

Vegir og slóðir

Sveitarfélagsmörk

Hverfisverndarsvæði

Friðlýst svæði eða svæði á náttúru-minjaskrá

Vatnsverndarsvæði (Grannsvæði/Fjarsvæði)

Númer Heiti efnistökusvæðis

00.51.01.52.02.5

Kvarði

00.51.01.52.02.5

Loftmynd: Loftmyndir ehf
Hnitakerfi: ISNET93

EFLA

VERKFRÆÐISÍTOFA

DAGS.

NAFN

HANNAÐ

09.09.2023

ESÓ

TEIKNAD

03.04.2024

ESÓ

RYNI

03.04.2024

JPI

SAMÞYKKT

JHS

LANDSNET

Holtavörðuhéiðarlína 3

Efnistökusvæði

CAD sísí

Kvarði (A3)

Efni talning nr.

Utgáfa

Síða

1:50000

V101

03

3/15

Verk nr.

102651


Verkefni:

EP

Fag

JAR

Talning nr.



Holtavörðuheiðarlína 3 (valkostur D)

Holtavörðuheiðarlína 3 (valkostur A/B)

Vegir og slóðir

Sveitarfélagsmörk

Hverfisverndarsvæði

Fríðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá

Vatnsverndarsvæði (Grannsvæði/Fjarsvæði)

Númer Heiti efnistökusvæðis

00.51.01.52.02.5

Kvarði

Loftmynd: Loftmyndir ehf

Hnitakerfi: ÍSNET93

EFLA

VERKFRÆÐISÍTOFA

DAGS.

09.09.2023

NAFN

ESÓ

TEKNAÐ

03.04.2024

RYNI

03.04.2024

SAMÞYKKT

JHS

LANDSNET

Holtavörðuheiðarlína 3

Efnistökusvæði

CAD sísí

Kvarði (A3)

Efni teikning nr.

Utgáfa

Síða

1:50000

V101

03

4/15

Verk nr.

102651


Verkefni:

EP


Fag

JAR

Teikning nr.



- Holtavörðuhéiðarlína 3 (valkostur D)
- Holtavörðuhéiðarlína 3 (valkostur A/B)
- Vegir og slóðir
- Sveitarfélagsmörk



Hverfisverndarsvæði



Friðlýst svæði eða svæði á náttúruinjasrá



Vatnsverndarsvæði
(Grannsvæði/Fjarsvæði)



Númer
Heiti efnistökusvæðis

0 0,5 1,0 1,5 2,0 2,5 km

Loftmynd: Loftmyndir ehf / Microsoft Bing
Hnitakerfi: ISNET93



EFLA VERKFRÆÐISTOFA		
DAGS.	NAFN	
HAFFVAD	09.09.2023	ESÓ
TEKNAÐ	03.04.2024	ESÓ
RYNI	03.04.2024	JPI
SAMÞYKKT	JHS	


LANDSNET

Holtavörðuhéiðarlína 3


Efnistökusvæði

CAD sísá Kvarði (A3) 1:50000 Efta teikning nr. V101 Útgáfa Síða 03 5/15

Verk nr. 102651
Verkefisstj. EP
Fag JAR
Teikning nr.




- Holtavörðuheidiarlína 3 (valkostur D)
- Holtavörðuheidiarlína 3 (valkostur A/B)
- Vegir og slóðir
- Sveitarfélagsmörk



Hverfisverndarsvæði

Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá



Vatnsverndarsvæði (Grannsvæði/Fjarsvæði)

Númer Heiti efnistökusvæðis

0 0,5 1,0 1,5 2,0 2,5 km

Kvarði

Loftmynd: Loftmyndir ehf / Microsoft Bing


Hnitakerfi: ISNET93



EFLA VERKFRÆÐISTOFA			
DAGS.		NAFN	
HANNAÐ	09.09.2023	ESÓ	
TEIKNAD	03.04.2024	ESÓ	
RYNI	03.04.2024	JPI	
SAÐMYRKI	JHS		

LANDSNET

Holtavörðuheidiarlína 3				Verk nr.	102651
Efnistökusvæði				Verkefni:	EP
				Fag	JAR
CAD sísí	Kvarði (A3)	Efni teikning nr.	Utgáfa	Síða	Teikning nr.
	1:50000	V101	03	7/15	



- Holtavörðuheidiarlína 3 (valkostur D)
- Holtavörðuheidiarlína 3 (valkostur A/B)
- Vegir og slóðir
- Sveitarfélagsmörk

- Hverfisverndarsvæði
- Friðlýst svæði eða svæði á náttúru-minjaskrá

- Vatnsverndarsvæði (Grannsvæði/Fjarsvæði)
- Númer Heiti efnistökusvæðis


0 0,5 1,0 1,5 2,0 2,5 km
Kvarði
Loftmynd: Loftmyndir ehf / Microsoft Bing
Hnitakerfi: ÍSNET93



EFLA VERKFRÆÐISTOFA		
	DAGS.	NAFN
HANNAÐ	09.09.2023	ESÓ
TEKNAÐ	03.04.2024	ESÓ
RYNNI	03.04.2024	JPI
SAÐMYRKI	JHS	

LANDSNET

Holtavörðuheidiarlína 3				Verk nr.
Efnistökusvæði				102651
				Verkefni:
				EP
				Fag
				JAR
				Tekning nr.
CAD sísí	Kvarði (A3)	Efni teikning nr.	Utgáfa Síða	
	1:50000	V101	03 9/15	



Holtavörðuheildarlína 3 (valkostur D)

Holtavörðuheildarlína 3 (valkostur A/B)

Vegir og slóðir

Sveitarfélagsmörk

Hverfisverndarsvæði

Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá

Vatnsverndarsvæði (Grannsvæði/Fjarsvæði)

Númer Heiti efnistökusvæðis

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

Kvarði

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

00.51.01.52.0

Loftmynd: Loftmyndir ehf

Hnitakerfi: ISNET93

N

EFLA

VERKFRÆÐISTOFA

DAGS.

NAFN

HANNAÐ

09.09.2023

ESÓ

TEKNAÐ

03.04.2024

ESÓ

RYNI

03.04.2024

JPI

SAMÞYKKT

JHS

LANDSNET

Holtavörðuheildarlína 3

Efnistökusvæði

CAD sísí

Kvarði (A3)

Efni talning nr.

Utgáfa

Síða

1:50000

V101

03

10/15

Verk nr.

102651

Verkefni:

EP

Fag

JAR

Talning nr.

